ÁRTÚNSSKÓLI
LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

**Námsvísir í tónmennt í 1.bekk**

| | |
|---|---|
| **Kennari:** | Sesselja Guðmundsdóttir |
| **Tímafjöldi** | 40 mínútur aðra hvora viku, hálfur bekkur í einu |
| **Grunnþættir menntunar** | **Sköpun** Tónsmíðar og textagerð fela í sér ígrundun, gagnrýna hugsun og sjálfsmat.<br>**Læsi** Söngtextar notaðir til að æfa lestur og efla lesskilning, hugtakaskilning og orðaforða. Nótnalestur kynntur.<br>**Jafnrétti** Fjölmenning og kynjajafnrétti - öll börn eiga rétt á að njóta sín í tímum.<br>**Heilbrigði og velferð** Unnið með hreyfingu, núvitund, slökun, samvinnu, virðingu og sköpun.<br>**Lýðræði og mannréttindi** Virðing fyrir ólíku fólki, stíl og skoðunum, að taka ábyrgð á eigin framlagi í hópnum.<br>**Sjálfbærni** Virðing fyrir, og þekking á fjölbreytileika mannlífs og menningar. |
| **Lykilhæfni úr námskrá** | **Tjáning og miðlun** Við lok skólaárs getur nemandi; tekið þátt í samræðu undir stjórn kennara og tjáð skoðanir sínar; veitt kennara athygli þegar hann talar; unnið listrænt verkefni þar sem form og innihald endurspegla hugmynd eða upplifun; hlustað á aðra tjá sig án þess að trufla; tekið afstöðu til einfaldra fullyrðinga með því að setja þumal upp eða niður<br>**Skapandi og gagnrýnin hugsun** Við lok skólaárs getur nemandi; spurt einfaldra spurninga um nám sitt; tekið þátt í stýrðu hugmyndaflæði; sagt frá eigin hugmynd; tekið endurgjöf frá kennara og starfsfólki og nýtt að einhverju leyti til framfara; séð fleiri en eina hlið á sama viðfangsefni<br>**Sjálfstæði og samvinna** Við lok skólaárs getur nemandi; verið virkur þátttakandi í leikjum; unnið í blönduðum hópum; unnið eftir fyrirmælum; sýnt jafningjum tillitssemi; tekið þátt í samtali um hvað betur má fara<br>**Nýting miðla og upplýsinga** Við lok skólaárs getur nemandi; tekið þátt í að meta hvort texti lýsir skoðun eða er staðreynd<br>**Ábyrgð og mat á eigin námi** Við lok skólaárs getur nemandi; sýnt þrautseigju þegar hann mætir áskorun; metið með kennara hvernig tókst að ná markmiðum; búið til viðmið um árangur með kennara |
| **Kennsluaðferðir** | Tónlistariðkun, hlustun, sköpun, tjáning, bein kennsla, jafningjafræðsla, hreyfing og dans. |
| Hæfniviðmið úr námskrá<br><br>(kynnt í einfaldaðri mynd fyrir nemendum) | Nemandi:<br>● getur tekið þátt í söng<br>● getur endurtekið einföld hrynmynstur<br>● hefur tekið þátt í að flytja einfalt undirspil<br>● getur þekkt nokkur hljóðfæri, bæði í sjón og heyrn<br>● getur greint mun á röddum<br>● getur lýst með eigin orðum upplifun af tónlist sem hlustað er á<br>● hefur kynnst nokkrum grunnhugtökum í tónlist (hratt-hægt, bjart-dimmt, hátt-djúpt) |
| **Námsmat** | Endurgjöf í kennslustundum, símat, gátlistar tengdir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Mikil áhersla er lögð á virka þátttöku í verkefnum hvers tíma. |

Kennsluáætlunin er lifandi skjal og getur tekið breytingum á skólaárinu.

| Tímabil | Námsþáttur og námsefni | Hæfniviðmið |
|---|---|---|
| Ágúst - september | Raddbeiting, hlustun, grunnhugtök tónlistar, söngtextar.<br>Sönglög m.a. Litla flugan, Með endurskinsborða, Hvert er horfið laufið,<br>Hæfniviðmið útskýrð. | • getur greint mun á röddum<br>• getur lýst með eigin orðum upplifun af tónlist sem hlustað er á<br>• getur tekið þátt í söng |
| Október | Raddbeiting, hlustun, sönglög, grunnhugtök tónlistar; hraði,<br><br>Þema: Vatn<br>Sönglög m.a. Skýin, Dripp dropp,<br>Hlustun: Strengir | • getur tekið þátt í söng<br>• hefur kynnst nokkrum grunnhugtökum í tónlist<br>• getur lýst með eigin orðum upplifun af tónlist sem hlustað er á |
| Nóvember | Taktur og hrynur, hlustun, hljóðblær.<br><br>Þema: Vatn<br>Sönglög m.a. Húsið og ég, Hafið bláa hafið,<br>Hlustun m.a. La Mer (Hafið, e. C.Debussy)<br><br>Enga fordóma (tengt Degi gegn einelti) | • getur endurtekið einföld hrynmynstur<br>• hefur tekið þátt í að flytja einfalt undirspil<br>• getur lýst með eigin orðum upplifun af tónlist sem hlustað er á |
| Desember | Taktur og hrynur, hlustun, sönglög.<br>Ýmis jólatónlist og sönglög. | • getur tekið þátt í söng<br>• getur greint mun á röddum<br>• getur lýst með eigin orðum upplifun af tónlist sem hlustað er á<br>• hefur kynnst nokkrum grunnhugtökum í tónlist |
| Janúar | Taktur og hrynur, hlustun, sönglög.<br>*Hvað er viðlag?* Þrástef í söng og hljóðfæraleik.<br>Sönglög tengd þjóðtrú og Þorranum, t.d.: Amma og draugarnir, Nú er glatt hjá álfum öllum, Velkominn Þorri. | • getur tekið þátt í söng<br>• getur endurtekið einföld hrynmynstur<br>• hefur tekið þátt í að flytja einfalt undirspil |
| Febrúar | Taktur og hrynur, hlustun, klassísk hljóðfæri, ferð á skólatónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar<br>[https://www.sinfonia.is/fraedslustarf/skolatonleikar/grunnskolatonleikar/nanar/174](https://www.sinfonia.is/fraedslustarf/skolatonleikar/grunnskolatonleikar/nanar/174)<br>*Hvað er viðlag?* Þrástef í söng og hljóðfæraleik.<br>Sönglög t.d. Krummi svaf í klettagjá, Hljómsveitin, Þorraþrællinn 1866, Kópurinn Kobbi | • getur lýst með eigin orðum upplifun af tónlist sem hlustað er á<br>• hefur kynnst nokkrum grunnhugtökum í tónlist (hratt-hægt, bjart-dimmt, hátt-djúpt)<br>• getur þekkt nokkur hljóðfæri, bæði í sjón og heyrn |
| Mars | Hljóðfæri, grunnhugtök tónlistar, taktur og hrynur | • hefur kynnst nokkrum grunnhugtökum í tónlist (hratt-hægt, bjart-dimmt, hátt-djúpt)<br>• getur lýst með eigin orðum upplifun af tónlist sem hlustað er á<br>• getur endurtekið einföld hrynmynstur |

| | | |
|---|---|---|
| Apríl | Raddbeiting, hljóðfæri, taktur og hrynur, vorlög og textar (orðaforði) | • getur tekið þátt í söng<br>• getur greint mun á röddum<br>• getur endurtekið einföld hrynmynstur<br>• hefur tekið þátt í að flytja einfalt undirspil |
| Maí - júní | Vorlög og textar (orðaforði), hugtök, taktur og hrynur, raddbeiting, hljóðfæri | • getur tekið þátt í söng<br>• getur greint mun á röddum<br>• hefur kynnst nokkrum grunnhugtökum í tónlist (hratt-hægt, bjart-dimmt, hátt-djúpt |